

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. desember 2024 í máli nr. 80/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 11. júlí 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum 2216 evrur í skaðabætur vegna tjóns sem varð á bifreið hans um borð í ferjunni [...].

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi þann 19. júlí 2024 óskaði kæruneftndin eftir því að sóknaraðili myndi leggja fram frekari gögn kröfu sinni til stuðnings. Var erindið ítrekað þrjú sinnum án þess að varnaraðili brygðist við beiðni kæruneftndarinnar. Með tölvubréfi 6. nóvember 2024 var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 11. nóvember 2024. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, bókunarstaðfesting, dags. 8. júní 2022, tölvupóstsamskipti, ljósmyndir sóknaraðila, tjónamat, dags. 1. október 2022, tjónaskýrsla [...], dags. 14. júlí 2022 og lýsing sóknaraðila á málsatvikum, dags. 14. júlí 2023.

Með bréfi, dags. 17. desember 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili sigldi með ferju í eigu [...] flutningsfyrirtækisins [...] frá [...] til [...] þar sem komið var að landi 14. júlí 2022. Með í ferð var bifreið sóknaraðila, af gerðinni [...], árgerð 2011. Við komuna til [...] kveðst sóknaraðili orðið hafa þess áskynja að bifreið hans hafði orðið fyrir tjóni á afturhluta hennar. Varðar ágreiningur þessa máls hver beri ábyrgð á umræddu tjóni.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili beri ábyrgð á tjóni á bifreið hans sökum þess að varnaraðili hafi lestað bifreiðum of þétt í ferjuna. Hafi sóknaraðili kafið varnaraðili um bætur vegna þessa en varnaraðili hafi hins vegar hafnað allri bótaábyrgð í málinu. Krefst sóknaraðili því hér skaðabóta úr hendi varnaraðila að fjárhæð 2.216 evra í samræmi við framlagt tjónamat.

Varnaraðili byggir á því að vera ekki seljandi þeirrar þjónustu sem sóknaraðili kvarti undan. Varnaraðili starfi aðeins sem þjónustuaðili fyrir ferjuna [...] á [...] en eigandi og rekstraraðili ferjunnar sé hins vegar [...]. Af framlögðum gögnum megi ráða að sóknaraðili hafi bókað og greitt fyrir þjónustuna hjá umboðsaðila [...] í [...]. Varnaraðili vísar aukinheldur til þess að samkvæmt skilmálum [...] eigi [...] lög við um viðskiptin. Í ljósi þess varnaraðili sé ekki seljandi þjónustunnar og að umrætt tjón virðist hafa átt sér stað á meðan á flutningi bifreiðarinnar hafi staðið en ekki á

bílastæði varnaraðila á [...] beri sóknaraðila að beina kröfu sinni að [...] í [...] eða skrifstofu fyrirtækisins í [...].

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 er markmið þeirra laga að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með þjónustusamningi er átt við samning þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili bókaði og greiddi skrifstofu fyrirtækisins [...] í [...] fyrir þá flutningsþjónustu sem kvartað er undan. Rekja má ágreining málsins til þess þjónustusamnings. Þar af leiðandi er ekki um að ræða þjónustusamning milli sóknaraðila og varnaraðila í skilningi laga nr. 81/2019 og er varnaraðili því ekki réttur aðili að máli þessu. Ágreiningur máls þessa heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir valdsvið kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefndinni samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

#### V

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson